

Sp.

75. Tillaga til þingsályktunar

[69. mál]

um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Bygðasjóðs á atvinnu- og byggðaðróun í landinu.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Bygðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaðróun í landinu. Sérstaklega skal kannað, hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar þau fimm ár, sem liðin eru frá því að lög nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi.

Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar því Alþingi, er nú situr. Endanlegar niðurstöður skulu lagðar fram, þegar Alþingi kemur saman haustið 1977.

G r e i n a r g e r ð .

Hinn 1. janúar 1972 tóku lög um Framkvæmdastofnun ríkisins gildi. Þessum lögum hefur síðar verið breytt og starfsemi Bygðasjóðs verið efl. Stofnunin hefur gefið út greinagóðar skýrslur um starfsemi sína, en þær skýrslur gefa ekki yfirsýn yfir, hvaða áhrif starfsemi hennar hefur haft á þróun byggðar í landinu, tekjuskiptingu eftir landshlutum og staðsetningu og starfsskilyrði atvinnurekstrar eftir landshlutum og starfsgreinum. Er því nauðsynlegt, að kannað verði hvaða áhrif starfsemi stofnunarinnar og einkum lánveitingar Bygðasjóðs hafa haft á því fimm ára tímabili, sem senn er liðið frá því að hún tók til starfa.

Æskilegt er, að við könnun þá, sem tillaga þessi fjallar um, verði gerður samanburður við þá landshluta og þá atvinnuvegi, sem farið hafa varhluta af fyrirgreiðslu Bygðasjóðs.

Bygðasjóður er mjög öflugur lánveitandi í hagkerfinu og getur því haft viðtæk áhrif með starfsemi sinni til góðs og ills. Er því eðlilegt, að a. m. k. bráðabirgðayfirlit um áhrif hans verði lagt fyrir það Alþingi, sem nú situr, en endanlegar niðurstöður könnunarinnar þyrftu að liggja fyrir, þegar Alþingi 1977 kemur saman.